

Ed.

298. Frumvarp til laga

[138. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Á árinu 1968 er ríkisstjórninni heimilt að greiða fiskseljendum verðbót á línu-fisk, er komi til skipta á milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti. Verðbót þessi skal nema 30 aurum á hvert kíló fisks á tíma bilinu 16. maí til 30. september, en 60 aurum á tímabilunum 1. janúar til 15. maí og 1. október til 31. desember.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða allt að 152 m.kr. til að tryggja rekstur hraðfrystihúsa á árinu 1968, þar af allt að 4 m.kr. til frystingar á rækju. Fé þetta skal skiptast á milli frystihúsanna í hlutfalli við framleiðslu þeirra á árinu 1968 af frystum fiskafurðum, öðrum en sildarafurðum. Seðlabanki Íslands skal sjá um úthlutunina í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

Þá er ríkisstjórninni heimilt að greiða á árinu 1968 25 m.kr. til hraðfrystihúsa í sambandi við endurskipulagningu hraðfrystiiðnaðarins. Seðlabanki Íslands úthlutar fé þessu til tiltekinna hraðfrystihúsa í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar nýtt gengi íslenzkrar krónu var ákveðið í nóvember-mánuði síðastliðnum var það ljóst, að gengislækkunin þyrfti að vera mjög mikil, ef nýtt gengi ætti að skapa grundvöll fyrir hallalausum rekstri hraðfrystiiðnaðarins. Ríkisstjórnin og Seðlabankinn vildu hins vegar ákvarða gengislækkunina eins nauma og frekast var kostur með tilliti til þeirra áhrifa, er hún hefði á verðlag í landinu. Gat því ekki komið til greina, að afkoma hraðfrystiiðnaðarins réði úrslitum um ákvörðun gengisins, ekki sízt þar sem afkoma margra annarra útflutningsgreina var mun betri en hraðfrystiiðnaðarins, afkoma fyrirtækja innan iðnaðarins sjálfs var mjög misjöfn og viðtækar ráðstafanir voru á döfinni til endurskipulagningar og fjárhagslegrar endurbyggingar iðnaðarins.

Það var því ljóst, þegar hið nýja gengi var ákveðið, að hraðfrystiiðnaðurinn myndi vera rekinn með verulegum halla á árinu 1968. Hins vegar var útilokað, á því stigi málsins, að mynda sér skoðun á því, hversu mikill þessi halli myndi verða, og hvort af þessum sökum myndi verða nauðsyn á sérstakri opinberri aðstoð við iðnaðinn, þar sem fiskverð hafði ekki verið ákveðið, mikil óvissa var ríkjandi um verðlagsþróun erlendis og fullnægjandi upplýsingar lágu ekki fyrir um afkomu hraðfrystiiðnaðarins á árinu 1966. Af þessum sökum lagði ríkisstjórnin til, að í fjárlögum ársins 1968 væru felldar niður greiðslur vegna þeirrar aðstoðar, sem sjávarútvegurinn, og þá fyrst og fremst hraðfrystiiðnaðurinn, hefði notið á s. l. ári.

Í sambandi við ákvörðun fiskverðs í janúarmánuði s. l. hefur verið gengið frá endanlegum útreikningum um afkomu þorskveiðibáta og hraðfrystihúsa á árinu 1966 og áætlunum um afkomu þeirra á árinu 1968. Benda áætlanirnar til, að afkoman verði mun lakari en búizt hafði verið við í nóvember, þegar hið nýja gengi var ákveðið. Liggja til þess tvær meginástæður.

1. Verðlagsþróunin erlendis hefur, enn sem komið er að minnsta kosti, orðið mun óhagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir. Verðlag á frystum fiski í Sovétríkjunum hefur lækkað verulega, en ekki haldizt óbreytt eins og búizt hafði verið við. Verðlag á frystum fiski í Bandaríkjunum hefur hins vegar hækkað nokkuð í samræmi við það, sem gert hafði verið ráð fyrir. Mikil óvissa er hins vegar ríkjandi um það, hversu lengi sú verðhækkun muni standa. Verðlag á fiskimjöli og lýsi hefur ekkert hækkað frá því lágmarki, er það var í fyrir gengisbreytinguna. Hefur þetta áhrif á verð fiskúrgangs og þar með á afkomu hraðfrystihúsanna.
2. Afkoma hraðfrystiiðnaðarins á árinu 1966 hefur reynzt allmiklu lakari en búizt hafði verið við í nóvember. Hefur þetta að sjálfsögðu áhrif til hins verra á áætlanir um afkomu ársins 1968. Á síðastliðnu sumri og hausti framkvæmdi Efnahagsstofnunin athugun á afkomu frystihúsanna á árinu 1966 á grundvelli skattframtala. Var þetta sams konar athugun og stofnunin hafði framkvæmt undanfarin ár. Fyrstu niðurstöður þessarar athugunar sýndu, að samkvæmt eigin framtölum húsanna, hafði afkoma þeirra verið tiltölulega góð og mun betri en áður hafði verið ætlað. Frekari könnun leiddi þó fljótlega í ljós, að afkoman var mun lakari en skattframtölin báru með sér. Stafaði þetta af því, að birgðir í árslok 1966 höfðu verið of hátt metnar, og af því að viðbótargreiðslur frá sölusamtökunum höfðu verið taldar til tekna á því ári, sem þær voru inntar af hendi, en ekki á framleiðsluárinu. Hafði síðarnefnda atriðið mikla þýðingu vegna þess, að miklar greiðslur frá árinu 1965, þegar verðlag erlendis hækkaði mikið, voru inntar af hendi á árinu 1966, jafnframt því sem greiðslur vegna framleiðslu þessa árs, er inntar voru af hendi á árinu 1967, lækkuðu mikið vegna verðfalls. Þessar skekkjur í reikningum húsanna varð að leiðrétta á grundvelli upplýsinga frá sölusamtökunum. Reyndist það verk miklum erfiðleikum bundið, og var því ekki lokið fyrr en um áramót. Kom þá í ljós, að leiðréttingin reyndist mun meiri en búizt hafði verið við í nóvember.

Um það leyti, sem fiskverðið var ákveðið í byrjun janúar, var orðið ljóst, af af þeim sökum, sem að framan er lýst, myndi ekki vera unnt að reka hraðfrystihúsin á þessu ári, nema veruleg opinber aðstoð kæmi til. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar hófu þá viðræður við fulltrúa hraðfrystiiðnaðarins, er lyktaði með því, að ríkisstjórnin bauðst til þess að beita sér fyrir því, að hraðfrystiiðnaðinum væri veitt fjárhagsleg aðstoð, er næmi samtals 198 m.kr. Var ætlunin, að 25 m.kr. af þessari upphæð gengju til greiðslu sérstakra verðbóta á linufisk, er ákveðnar höfðu verið í sambandi við ákvörðun fiskverðs, 148 m.kr. skiptust á milli húsanna í hlutfalli við framleiðsluverðmæti þeirra á árinu 1968, en 25 m.kr. væri ráðstafað í sambandi við endurskipulagningu hraðfrystiiðnaðarins. Er í þessu frumvarpi farið fram á heimild Alþingis til þess að inna þessar greiðslur af hendi.

Í meðfylgjandi töflu er sýnt yfirlit um afkomu hraðfrystihúsanna á árinu 1966 og áætlun um afkomu þeirra á árinu 1968. Er taflan byggð á niðurstöðum athugana Efnahagsstofnunarinnar og nær til 68 hraðfrystihúsa, er framleiddu um 87% af heildarframleiðsluverðmæti iðnaðarins á árinu 1966. Áætlunin fyrir árið 1968 er miðuð við sama vinnslumagn og á árinu 1966, það útflutningsverðlag, sem ríkjandi var um s. l. áramót og það verðlag og kaupgjald, sem ríkjandi er innanlands í febrúarmánuði. Auk þess að sýna afkomu allra 68 húsanna, sýnir taflan sérstaklega afkomu þeirra 20 húsa, sem bezta afkomu höfðu á árinu 1966, þeirra 20 húsa, er lakasta afkomu höfðu, og þeirra 28 húsa, er höfðu miðlungs afkomu. Áætlanir hafa einnig verið gerðar um afkomu þessara þriggja hópa á árinu 1968.

Eins og yfirlitið ber með sér var afkoma húsanna slæm á árinu 1966. Þrátt fyrir þá opinberu aðstoð, sem húsin fengu á því ári og talin er með í tekjum þeirra, var brúttóhagnaður húsanna 68 aðeins 25% af afskriftum, stofnvöxtum og leigum og nettótáp, er nam 79 m.kr. Stakk hér mjög í stúf við árin 1964 og 1965, er munu hafa verið ein beztu ár þessa iðnaðar, en þau ár varð verulegur hreinn hagnaður á rekstrinum. Jafnframt er ljóst, hversu mikill munur er á rekstri húsanna innbyrðis. Þau 20 hús, er bezta afkomu höfðu, voru rekin með nokkrum nettóhagnaði, en þau 20, er lakasta afkomu höfðu, með gífurlegu nettótápi, enda var velta þessara húsa aðeins helmingur af veltu þeirra 20 beztu, enda þótt stærð húsa í þessum tveimur hópum sé svipuð.

Eins og áætlunin fyrir árið 1968 ber með sér, hefði afkoman enn versnað mjög á því ári, ef til sérstakrar opinberrar aðstoðar hefði ekki komið. Jafnvel 20 beztu húsin myndu hafa verið rekin með brúttótápi, þannig að þau hefðu átt minna en ekkert upp í afskriftir og stofnvexti. Nettótáp alls iðnaðarins er áætlað yfir 250 m.kr. Er auðséð, að slíkt ástand hefði leitt til algerrar rekstrarstöðvunar. Sú opinbera aðstoð til iðnaðarins, sem hér er farið fram á heimild til þess að inna af hendi, mun bæta afkomuna mjög mikið. Er aðstoðin miðuð við það, að 20 beztu húsin séu rekin án nettótáps, þannig að þau eigi að fullu fyrir afskriftum, leigum og stofnvöxtum, en heldur ekki umfram það. Afkoma iðnaðarins í heild mundi vera nokkru lakari en á árinu 1966, þar sem brúttóhagnaður mundi aðeins svara til 15% af afskriftum, leigum og stofnvöxtum samanborið við 25% á árinu 1966. Afkoma húsanna í miðið myndi þó vera nokkru betri en 1966, enda gert ráð fyrir, að þau njóti hlutfallslega nokkru meiri aðstoðar en önnur hús. Á hinn bóginn verður að gera ráð fyrir, að rekstur margra lökustu húsanna hætti, eða um sameiningu eða samvinnu við önnur hús verði að ræða. Sú afkoma, sem húsunum með þessu móti yrði búin á árinu 1968, getur að sjálfsgöngu ekki verið framtíðargrundvöllur. Það er þó aðeins endurskipulagning iðnaðarins af því tagi, sem nú er hafin, sem getur skapað slíkan grundvöll, og nokkur tími hlýtur að líða, þar til hún hefur verið framkvæmd og árangur hennar hefur komið í ljós.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Þessi grein fjallar um heimild til greiðslu sérstakrar verðbótar á linufisk. Er gert ráð fyrir, að þessi verðbót nemi 30 aurum á hvert kíló á tímabilinu 16. maí til 30. september, en 60 aurum á öðrum tímum árs. Til viðbótar þessari greiðslu myndu fiskkaupendur greiða 25 aura á hvert kíló linufisks. Er hér um sams konar greiðslur að ræða og verið hafa á undanförunum árum, nema hvað hærri greiðslan mun nú ekki aðeins vera í gildi frá 1. október til 31. desember eins og að undanförunu, heldur einnig á tímabilinu 1. janúar til 15. maí. Þá munu verðbætur aðeins greiddar á linufisk, en ekki línu- og handfærafisk eins og áður. Kostnaður við þessar greiðslur er áætlaður 25 m.kr.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um heimildir til greiðslu aðstoðar við hraðfrystihúsin. Er gert ráð fyrir, að 152 m.kr. greiðsla skiptist á milli frystihúsanna í hlutfalli við framleiðslu þeirra á árinu 1968 af öðrum frystum fiskafurðum en sildarafurðum. Þó skulu 4 m.kr. af þessari upphæð ganga sérstaklega til frystingar á rækju. Er gert ráð fyrir, að Seðlabanki Íslands sjái um úthlutun fjárins í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur. Er þetta sami háttur og hafður hefur verið á við úthlutun hagræðingarfjár til frystihúsanna á undanförunum árum.

Þá er gert ráð fyrir heimild til sérstakrar greiðslu að upphæð 25 m.kr. í sambandi við endurskipulagningu hraðfrystiiðnaðarins. Skal Seðlabanki Íslands í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands úthluta þessari upphæð til tiltekinna húsa að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

Afkoma hraðfrystihúsa 1966 ásamt áætlun fyrir 1968.
Miðað við 68 hús.

	1966				1968			
	68 hús	20 beztu	28 miðhús	20 lökustu	68 hús	20 beztu	28 miðhús	20 lökustu
Tekjur	1 822	667	836	318	1 952	715	893	344
	m.kr.							
Gjöld:								
Hráfniskostnaður	909	328	418	162	1 079	388	498	193
Annar breytilegur kostn.	773	263	356	154	883	301	407	176
Viðhald og viðgerðir	63	21	31	11	71	24	34	12
Rekstrarvextir	45	12	17	15	52	14	20	18
Tekjuskattur	4	2	3	—	—	—	—	—
	m.kr.							
	1 795	626	825	342	2 085	727	959	399
Brúttóhagnaður	m.kr.				÷133	÷ 12	÷ 66	÷ 55
Afskriftir, stofnvextir og leigur .	106	31	45	30	121	35	52	34
Hreinn hagnaður	m.kr.				÷254	÷ 47	÷118	÷ 89
Brúttóhagnaður í hlutfalli við								
afskriftir og stofnv.	25	132	25	80	÷110	÷ 34	÷127	÷162
	%							
Áætlað framlag¹⁾	m.kr.				151	47	81	23
Afkoma að fengnu framlagi:					—	—	—	—
Brúttóhagnaður	m.kr.				18	35	15	÷ 32
Hreinn hagnaður	m.kr.				÷103	0	÷ 37	÷ 66
Brúttóhagnaður í hlutfalli við								
afskriftir og stofnv.	%				15	100	29	÷ 94

1) Miðað við að 87% af heildarframlagi að upphæð 173 m.kr. komi í hlut þessara 68 húsa. Af þessari upphæð skiptist 148 m.kr. hlutfallslega eftir framleiðsluverðmæti, en 25 m.kr. komi í hlut „miðhúsa“.